



ÍÞRÓTTABANDALAG HAFNARFJARÐAR

Hafnarfirði 7. nóvember 2012

Ágæta bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar

Ályktun

Formannafundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar haldinn laugardaginn 3. nóvember í Ásvallalaug, skorar á bæjaryfirvöld að afturkalla þær skerðingar sem ákveðnar voru á rekstri íþróttamannvirkja í Hafnarfirði í framhaldi af efnahagshruninu. Í úthlutun tveggja síðustu ára hefur þurft að skerða úthlutun um rúm 27% hvort ár, ef tekið er tillit til þarfa íþróttafélaganna. Afturkallanir á lækkunum og frýstingum sem gerðar voru á rekstrarsamningum ÍBH og íþróttafélaganna eru nauðsynlegar. Einnig er þörf á endurskoðun samninga við íþróttahreyfingu bæjarins. Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði eru jafnframt hvött til að hefja undirbúning að byggingu íþróttasalar á grunni lóðar við Íþróttahúsið að Ásvöllum til að leysa mjög brýna þörf skóla og íþróttafélaga á svæðinu.

Virðingarfyllst,

Elisabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH